

## Árni Davíðsson

---

**From:** Árni Davíðsson  
**Sent:** fimmtudagur, 10. desember 2020 15:17  
**To:** skipulag@kjós.is  
**Subject:** RE: Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi í Kjósarhreppi\_Skipulagslýsing

Sæll

Afsakaðu sein svör.

Heilbrigðiseftirlitið skoðaði þessa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029, sem er lýsing á breytingu á landnotkun í landi Eyrarkots.

Heilbrigðiseftirlitið vill minna á að það þarf að gera nægjanlega grein fyrir öflun neysluvatns og fyrirkomulagi fráveitu í deiliskipulaginu fyrir fyrirhugaða byggð.

Minnt er á að, ef vatnsveita þjónar fleiri en 50 íbúum, eða ef fleiri en 20 heimili/sumarbústaðir tengjast henni, eða ef hún þjónar matvælafyrirtæki, þarf að sækja um starfsleyfi fyrir rekstrinum til heilbrigðisnefndar.

kveðja

Árni Davíðsson framkvæmdastjóri  
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

sími 525 6797

[www.eftirlit.is](http://www.eftirlit.is)

Starfssvæði: Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kjósarhreppur.

---

**From:** Sigurður H. Ólafsson [mailto:sigurdur@kjós.is]  
**Sent:** fimmtudagur, 29. október 2020 11:44  
**To:** Umhverfisstofnun (ust@ust.is) <ust@ust.is>; Minjastofnun Íslands <postur@minjastofnun.is>; Eftirlit <eftirlit@eftirlit.is>; shs@shs.is; vegagerdin@vegagerdin.is  
**Subject:** Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi í Kjósarhreppi\_Skipulagslýsing

Sent til umsagnar, í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin verður kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps..

Óskað er eftir ábendingum/athugasemdum um lýsinguna ef ástæða þykir á netfangið [skipulag@kjós.is](mailto:skipulag@kjós.is), innan þriggja vikna.

Eftir kynningu á skipulagslýsingunni verður fjallað um deiliskipulagið og það auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Kær kveðja,

**Sigurður H. Ólafsson**  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps  
Sími 566 7100 / 898 2297  
Netfang: [skipulag@kjós.is](mailto:skipulag@kjós.is)

